

Lyfjaskírteini - vinnuregla

Beinþéttilyf

ATC flokkur: M05B – lyf sem hafa áhrif á beinbyggingu og beinmyndun
H05AA02 – teriparatíð (Forsteo®, Terrosa®)

Dagsetning: 1. febrúar 2023

Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu hagkvæmustu pakkninga í ATC floknum M05B og eru þær G-merktar í lyfjaverðskrá. Sé þeim pakkningum ávísað á lyfseðli þarf **ekki** að sækja um lyfjaskírteini.

Ef hagkvæmstu lyfin reynast ófullnægjandi getur læknir sótt um lyfjaskírteini fyrir öðrum lyfjum.

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku:

- Meðferð með hagkvæmstu lyfjunum hafi reynst ófullnægjandi eða aukaverkanir leiði til þess að stöðva þurfi notkun þeirra, nema sérstök rök mæli með öðru.
- Tilgreina skal hvaða lyf hafa verið reynd og í hve langan tíma.

Viðbótarskilyrði fyrir Forsteo®, Terrosa®

- Staðfest beinþynning hjá konum eftir tíðahvörf eða körlum eldri en 40 ára þar sem beinþéttnimæling (í hryggjarliðum og/eða lærlegg) hefur sýnt T-Score < - 3 og að minnsta kosti eitt samfallsbrot á hryggjarliðum orsakað af litlum áverka (þ.e. áverki við venjulega daglega hreyfingu eða sambærilegt fall) sem er ekki eldra en 3ja ára.

eða

- staðfest beinþynning hjá konum eftir tíðahvörf eða körlum eldri en 40 ára sem hafa sögu um tvö eða fleiri samfallsbrot á hryggjarliðum orsakað af litlum áverka (áverki við venjulega daglega hreyfingu eða sambærilegt fall) sem er ekki eldra en 3ja ára.

Gildistími:

5 ár